

Hvalur hf.
Pósthólf 233
222 Hafnarfjörður

Selfossi, 12. september 2023
Tilvísun: 2309286

Efni: Fyrirhuguð ákvörðun um stöðvun veiða um borð í Hval 8, sbr. 35. gr. laga nr. 55/2013

Í samræmi við 14. gr. stjórnáskilslulaga nr. 37/1993 vill Matvælastofnun upplýsa Hval hf., leyfishafa vegna veiða á landreyðum við Ísland, um að stofnunin hefur nú tekið til meðferðar mál er lýtur að verklagi og framkvæmd veiða fyrirtækisins á langreyði (stöðvarnúmer hvals F23-001) sem veidd var af Hval 8, RE-388 þann 7. september 2023.

Matvælastofnun hyggst taka ákvörðun um stöðvun veiða á Hval 8, sbr. 35. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra, jafnframt skoðar stofnunin háttsemin varðar stjórnvaldssekt skv. 42. gr. laganna, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 895/2023 um veiðar á langreyðum.

I. Regluverk um veiðar á langreyðum.

Samkvæmt 27. gr. laga nr. 55/2013 skal ávallt staðið að veiðum þannig að það valdi dýrum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma. Veiðimönnum er skylt að gera það í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafa valdið áverkum. Þá segir í 2. mgr. að við veiðar sé óheimilt að beita aðferðum sem valda dýri óþarfa limlestingum eða kvölum.

Í 35. gr. er Matvælastofnun heimilt að takmarka eða stöðva starfsemi þegar um alvarleg tilvik eða ítrekað brot er að ræða eða ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests. Við stöðvun starfsemi er heimilt að leita aðstoðar lögreglu.

Í 42. gr. er fjallað um stjórnvaldssektir á lögaðila sem brýtur gegn banni skv. 27. gr. laganna.

Í reglugerð nr. 895/2023 segir í 1. mgr. 1. gr. að markmið reglugerðarinnar sé að bæta umgjörð veiða á langreyðum og til að ná þeim markmiðum skuli tryggt að búnaður og framkvæmd veiða standist þau lágmarksviðmið sem kveðið er á um í lögum og reglugerðinni. Í 3. mgr. 1. gr. segir að við veiðar skuli ávallt stefnt að því að dýr aflífist samstundis. Þá segir í 4. mgr. 1. gr. að staðið skuli þannig að veiðum að það valdi langreyðum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma.

Matvælastofnun er skv. 3. gr. reglugerðarinnar falið það hlutverk að hafa reglubundið eftirlit með því að farið sé að lögum um velferð dýra og reglugerðinni við veiðar á langreyðum, m.a. með eftirlitsferðum við veiðar, myndbandsupptökum veiðiaðferða og skráningu þeirra aðgerða við veiðar sem varða velferð dýra. Matvælastofnun er heimilt skv. 6. mgr. 3. gr. að fela eftirlitsmönnum Fiskistofu að afla gagna vegna framangreinds eftirlits og telst þá sá þáttur gagnaöflunar vera hluti af eftirliti Matvælastofnunar.

Í 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar segir að við veiðarnar skuli notaður búnaður sem tryggir að langreyðar aflífist samstundis eða að aflífun taki sem skemmstan tíma og valdi þeim sem minnstum þjáningum. Skip sem fer til veiða á langreyðum skal búið m.a. að lágmarki tveimur skipsföstum skotlínnum, sem og að miði

á hvalveiðibyssu með upplýstum punkti. Í 3. mgr. 4. gr. segir að óheimilt er að hleyppa fyrsta skot af nema skutulsprengja sé fest á skutulinn og lína fest í skutul á annan endann og í skipið í hinn endann. Heimilt er þó, skv. 4. mgr. 4. gr. við endurskot að hleyppa af skoti án þess að lína sé fest í skutul í annan endann og í skipið í hinn endann. Við endurskotið skal nota skutulskott sem er lína sem fest er við skutul í annan endann en ekki skipsföst til þess að auka stöðugleika flugs skutuls. Þá segir í 7. mgr. 4. gr. að skotmenn og áhöfn þurfi að uppfylla að öðru leyti skilyrði laga og reglna sem um meðferð skotvopna gilda og taka og geyma afrit af viðeigandi leyfum og skjölum eftir því sem við á.

Í 5. gr. reglugerðarinnar segir í 2. mgr. að skylt sé að fylgja eftir dýri og ljúka aflífun við endurskot óháð aðstæðum við veiðar, enda er veiðimönnum skylt að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafa valdið áverkum.

Í 7. gr. reglugerðarinnar segir að við veiðar á skuli miðað á skilgreint marksvæði, sbr. mynd í viðauka I í reglugerðinni. Þá segir að þegar dýr drepist ekki tafarlaust beri án tafar að framkvæma annað endurskot. Tafarlaus dauði er skv. skilgreiningu í 2. gr. þegar dýr telst dauft á innan við einni mínútu. Í tilvikum þegar skjóta þarf sært dýr fleiri en einu skoti til að tryggja sem skjótasta aflífun er, sbr. 4. mgr. 7. gr., heimilt að víkja frá færi og skotvinkli.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðarinnar skal tryggt að við veiðar séu a.m.k. þrjú úr áhöfn sem hafi reynslu af hvalveiðum, þ.e. hafi verið hluti af áhöfn við hvalveiðar í minnst sex mánuði á síðustu fimm árum. Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði þegar sérstaklega stendur á og áhafnarmeðlimur hefur sýnt fram á hæfni og þekkingu skv. mati Fiskistofu. Skyttur sem annast veiðar á dýrum skulu hafa lokið námskeiði í meðferð hvalveiðibyssu og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar.

Samkvæmt 11. gr. reglugerðarinnar ber Hval hf. að skrá upplýsingar í hverri veiðiferð um m.a. áhöfn og skyttur.

II. Upplýsingar um veiðar á langreyði sem skotin var af áhöfn Hvals 8 þann 7. september 2023.

Matvælastofnun hefur bæði borist skýrsla Fiskistofu og myndbandsupptaka frá eftirlitsmönnum Fiskistofu, sjá fskj. 1 sem og upplýsingar og skýrsla frá Hval hf. sem kveðið er á um í 10. og 11. gr. reglugerðar nr. 895/2023 um veiðar á langreyðum, þ.e. skráningar á atvikum við veiði dýrsins, lýsing á frávikum og ástæður þess. Þar sem myndbandsupptaka af veiðinni er alllöng hefur Matvælastofnun vistað hana á minnislykli og er hægt að nálgast hann á skrifstofu stofnunarinnar að Dalshrauni 1b Hafnarfirði. Umslag er merkt Hvalur hf.

Af framangreindum gögnum má ráða að framkvæmd við veiðarnar á langreyði sem veidd var þann 7. september 2023 af áhöfn Hvals 8 hafi verið í andstöðu við ákvæði 27. gr. laga nr. 55/2013 og ákvæði reglugerðarinnar.

Samkvæmt frávikaskýrslu Hvals hf. þurfti að framkvæma endurskot eftir að fyrsta skot hafnaði utan marksvæðis, þetta fær stoð í skýrslu Fiskistofu. Af gögnum málsins liggur fyrir að fyrsta skot var framkvæmt kl. 11:30. Af myndbandsupptökum má sjá að skotið hæfir dýrið og veldur því áverka sem og að dýrið kafar í kjölfarið. Ljóst er því skotið olli ekki tafarlausum dauða. Í skýrslu Hvals hf. kemur fram að dýrið hafi rotast og veiðimönnum hafi virst það vera dauft og að þegar byrjað hafi verið að hífa dýrið inn hafi komið í ljós að dýrið var ekki dauft. Við innhígingu hafi dýrið tekið sprett og að ekki hafi náðst að kúpla spili út sem olli því að keðjutóg losnuðu og slógust í hlíf á spili og reif. Við það hafi spilið stöðvast og orðið ónothæft um stund meðan hlíf var skorin frá. Þetta hafi ollið því að endurskot hafi tafist og tími milli skota var 25 mínútur.

III. Tímalína skv. myndbandsupptöku við veiðarnar.

Ljóst er að sú lýsing sem fram kemur í frávíkaskýrslu Hvals hf. er ekki í samræmi við myndbandsupptöku á vettvangi, sbr. hjálagt fylgiskjal nr. 2 þar sem Matvælastofnun hefur tekið saman í tímalínu atburði við framkvæmd veiðanna.

Eins og sjá má á upptökunni sést að lína byrjar að lyftast út 2 mínútum og 20 sekúndum eftir fyrsta skot sem gefur til kynna að dýrið hafi verið að kafa/synda út frá bát. Tæplega 3 mínútum eftir fyrsta skot er dýrið í nokkurri fjarlægð frá skipi og sést blása, synda og kafa endurtekið í eðlilegri líkamsstöðu. Þarna átti áhöfn Hvals 8 að vera í síðasta lagi ljóst að dýrið var lifandi. Kall um að hífa skuli dýrið kemur eftir að það sést synda, kafa og blása. Þrátt fyrir að það er ekki hafist handa við aðgerðir til að skjóta dýrið aftur tafarlaust. Þess í stað er byrjað að hífa dýrið að skipinu. Frá fyrsta skoti að þar til skutull er tilbúin til endurskots líða rúmlega 8 mínútur.

Eftir 12 mínútur og 30 sekúndur frá fyrsta skoti er búið að draga dýrið nálægt skipinu og 50 sekúndum síðar er það alveg komið að skipinu stjórnborðsmegin, þá slær dýrið sporði í skipið. Í kjölfarið má ráða að spilið stjórnborðsmegin bili, það rýkur úr því og járn slæst til.

Dýrið er komið bakborðsmegin 15 mínútum eftir fyrsta skot, þar sem það syndir heldur réttri stöðu, syndir og blæs skammt frá skipinu. Af samræðum áhafnarmeðlima er ljóst að mikill vandkvæði eru á tækjabúnaði og skytta hefur horfir stöðugt á þilfarið í stað þess að fylgjast með dýrinu og framkvæma endurskot. Þetta ástand heldur frá næstu 15 mínútur og dýrið er á þeim tíma ítrekað í færi til endurskots.

Endurskot er síðan framkvæmd 28 mínútum og 39 sekúndum eftir fyrsta skot. Dýrið kemur í kjölfarið upp og heldur stöðu og virðist halda áfram að synda, slær sporði og ljóst að það hefur ekki drepist tafarlaust eftir síðar skot. Þrátt fyrir að nýtt púðurhylki sé sett í skutulbyssu er byssan ekki hlaðin aftur og gerð tilbúin fyrir þriðja skot. Sex mínútum eftir seinna skot virðist skutulbyssu enn ekki tilbúin til endurskots, heldur standa þrír menn og vinna við hana. Dýrið berst um næstu mínútur eftir annað skot og virðist dautt um 35 mínútur eftir fyrsta skot og 6 mínútum og tæplega 30 sekúndum eftir annað skot.

IV. Fyrirhuguð ákvörðun Matvælastofnunar um stöðvun veiða á Hval 8.

Af myndbandsupptöku er ljóst að áhafnarmeðlimir verða mjög fljótt meðvitaðir að dýrið drapst ekki tafarlaust. Þá liggur fyrir að skutull fyrsta skots hæfði dýrið ekki á marksvæði sem eitt og sér hafði átt að kalla á sérstaka aðgæslu við framhald aðgerða við veiðarnar.

Þrátt fyrir skýlaus ákvæði í reglugerðinni að veiðimönnum sé skylt að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafi valdið áverkum og dýr sem ekki drepst tafarlaust skuli skotið án tafar aftur er endurskot ekki framkvæmt fyrr en 28 mínútum og 39 sekúndum síðar. Fram kemur í reglugerð að heimilt er að víkja frá færi og skotvinkli þegar skjóta þarf sært dýr fleiri en einu skoti til að tryggja sem skjótasta aflifun. Af myndbandsupptökum má hins vegar ráða að áhöfnin er meðvitað um áverka og að dýrið drapst ekki tafarlaust sem og hefur skyttan fjölmörg tækifæri til að skjóta dýrið á þessum tæplega 29 mínútum án þess að slíkt sé gert til að ljúka dauðastríði dýrsins. Sama gerist í kjölfar seinna skots, skutull er ekki gerður tilbúin þrátt fyrir að dýrið drepist ekki tafarlaust við annan skot.

Fyrir liggur að skip sem halda til langreyðuveiða skal útbúið að lágmarki tveimur skipsföstum skotlínnum og þar að auki er heimilt við endurskot að hleypa af skoti án þess að lína sé fest í skutul í annan endann og í skipið í hinn endann, þá skal nota skutulskott sem er lína sem er fest við skutul í annan endann en ekki skipsföst til þess að auka stöðugleika flugs skutuls.

Með hliðsjón af framangreindum skyldum telur Matvælastofnun að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga og reglugerðarinnar þegar dýrið er ekki skotið tafarlaust til að drepa hvort sem væri gert með annarri línu fastri skipi eða með línu sem var ekki föst var við skipið. Ekki verður séð að bilun í spili hafi valdið því ekki hafi verið hægt að skjóta dýrið aftur til að aflifunin tæki sem skemmstan tíma og til að takmarka sársauka og þjáningar dýrsins við veiðarnar.

Með hliðsjón af framangreindu er ljóst að frávíkaskýrsla og upplýsingar fyrirtækisins eru ófullnægjandi, tímasetningar rangar og ekki að sjá að farið í greiningu á öllu því sem úrskeiðis fór, né kemur fram til hvaða aðgerða/úrþóta hafi verið gripið til að tryggja að sambærileg ástand komi ekki upp í þeim tilvikum þegar fyrsta skot drepur ekki dýrið tafarlaust.

Þá er ljóst af myndbandsupptöku að langur tími fer í að að endurhlaða skutul fyrir endurskot, þ.e. rúmlega 8 mínútur eftir fyrsta skot og skutulbyssan var ekki tilbúin eftir 6 mínútur þegar dýrið drepst eftir annað skot. Þessi tími er langtum lengri tími en fyrirtækið hefur upplýst að taki að endurhlaða skutull, þ.e. rúmlega 2 mínútur.

Að mati stofnunarinnar eru viðbrögð áhafnar Hvals 8 með öllu ófullnægjandi til að tryggja að veiðar á langreyðum uppfylli ákvæði 27. gr. laga nr. 55/2013 þannig að hægt sé að tryggja að staðið skuli að veiðum þannig að það valdi dýrum sem minnstum sárauka og að aflifun þeirra taki sem skemmstan tíma. Ljóst er að dýrið var ekki skotið tafarlaust aftur, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 895/2023 og breytir þar engu um hvort spilið hafi bilað eður ei. Af viðbrögðum áhafnarmeðlima um borð í Hval 8, sbr. myndbandsupptökur, má ráða að þeir hafi annað hvort ekki hlotið nægjanlega þjálfun og/eða ekki gert sér grein fyrir skyldum sínum, til að hefja án tafar hleðslu fyrir endurskot og skjóta dýrið aftur tafarlaust, hvort sem skutull var fastur við skipið með línu eður ei.

Af þessum sökum hyggst Matvælastofnun stöðva veiðar á Hval 8, sbr. 35. gr. laga nr. 55/2013 þar til eftirfarandi úrbótum er lokið og stofnunin hefur fengið skrifleg gögn um:

- Að farið verði í rótargreiningu á atvikum sem leiddu til þess að það tók tæplega 30 mínútur að aflífa dýrið þann 7. september 2023 og af hverju endurskot var ekki framkvæmt tafarlaust, sem og að sú greining verði send Matvælastofnun.
- Farið verði yfir allan veiðiútbúnað skv. gátlista áður en siglt er út, svo sem útbúnað til að endurhlaða skutulbyssu, spil og annað. Tryggt skal vera að allur búnaður sé í lagi áður en haldið er frá höfn.
- Þjálfar skal mannskap á Hval 8 við endurhleðslu skutulbyssu þannig að uppgefinn hleðslutími (2 mín. 8 sek) náist í hvert sinn.
- Þjálfun og kennsla verði framkvæmd þannig að áhafnarmeðlimir hafi þekkingu og skilning á því hvernig eigi að bregðast við ef dýr drepst ekki við fyrsta skot. Þjálfun og kennsla um að ávallt sé skotið aftur án tafar sem og að skytta skuli ávallt hafa sjón á og athygli við dýrið frá fyrsta skoti til að komast sem fyrst í færi til að miða og skjóta það aftur, þangað til það er dautt.
- Hvalur skal skilgreina í hvaða ástandi dýr þarf að vera áður en hafist er handa við að hífa það inn á spili.
- Tryggja að áhöfn hafi þekkingu og skilning á og þjálfun í að ef bilun verður í öðrum búnaði, sem ekki beint hindrar möguleika til endurskots, skuli það ekki tefja endurskot, með eða án skutullínu ef þess er þörf, í þeim tilgangi að lina þjáningar dýrsins sem hraðast.
- Atvikaskráning skal tilgreina öll atriði sem fara úrskeiðis og einnig tilgreina ef atriði sem skipta máli við velferð við veiðarnar taka óeðlilega langan tíma. Tímaskráning í atvikaskýrslu skal vera nákvæm og rétt.
- Gögn verði send Matvælastofnun sem sýna fram á að þrír áhafnarmeðlimir hafi a.m.k. sex mánaða reynslu við hvalveiðar á síðustu fimm árum eða staðfestingu Fiskistofu um að heimilt hafi verið að víkja frá þessu skilyrði.
- Gögn verði send Matvælastofnun sem sýna fram á skyttur á Hval 8 hafi lokið námskeiði í meðferð hvalveiðibyssu og sprengiskutla og í aflifunaraðferðum við hvalveiðar.

Áður en endanleg ákvörðun verður tekin er fyrirtækinu gefin kostur á að koma á framfæri andmælum við fyrirhugaða ákvörðun. Í ljósi þess að veiðar eru í gangi og til að tryggja að sambærilegt tilvik komi ekki upp

við veiðarnar þegar fyrsta skot drepur ekki dýrið tafarlaust telur stofnunin nauðsynlegt að taka ákvörðunin skjótt og því er andmælafrestur gefin til kl. 16.00, miðvikudaginn 13. september 2023.

Matvælastofnun vill jafnframt upplýsa að stofnunin hefur til skoðunar að beita ákvæðum 42. gr. laga nr. 55/2013 vegna atviksins og mun sá þáttur málsins vera unnin í framhaldi af fyrirhugaðri ákvörðun um stöðvun veiðanna á Hval 8 og verður fyrirtækinu sent sérstakt erindi vegna þess.

III. Niðurlag varðandi athugasemdir Hvals hf. um meinta kosti þess að nota rafmagn við aflífun við veiðar á langreyðum.

Í frávíkaskýrslu er vísað til þess að miðað við kynningu á áhrifum rafmagns sem aðferð tvö (secondary method) við aflífun verði að teljast augljóst að 28A straumur og afl sem samsvarar 20 hestöflum hefði aflífað dýri samstundis, sem og að bann við notkun rafmagns sé því megin orsök fyrir því að dýrið drapst ekki samstundis.

Matvælastofnun telur að þessar fullyrðingar séu með öllu ósannaðar og ef rétt er staðið að veiðum þarf ekki að koma til þess að dauðastríð langreyða sem veiddar eru sé jafn langt raun bar vitni í umræddri veiðiferð Hvals 8.

Í 1. mgr. 20. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra segir að óheimilt sé að nota lifandi dýr við tilraunir nema með sérstöku leyfi Matvælastofnunar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáningu fyrir dýrin. Í 2. mgr. segir að einungis megi nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri.

Á grundvelli ákvæðisins var gefin út reglugerð nr. 460/2017 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni. Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/63/ESB frá 22. september 2010 um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni, sem felld var inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 256/2014, frá 12. desember 2014. Íslensk stjórnvöld hafa þannig skuldbundið sig til að veita dýrum sem notuð eru í tilraunaskyni þá vernd sem kveðið er um í reglugerðinni og hlíta þeim málsmeðferðarreglum sem þar er kveðið á um.

Tilgangur reglugerðarinnar er skv. 1. gr. að stuðla að takmörkun á notkun dýra í vísinda- og menntunarskyni, stuðla að velferð og virðingu fyrir dýr sem notuð eru í slíkum tilgangi, og að tryggja að dýr sem notuð eru í slíkum tilgangi séu ekki látin sæta óþarfa álagi.

Reglugerðin gildir skv. 2. gr. um lifandi hryggdýr þegar þau eru notuð eða ætlunin er að nota þau í tilraunum.

Í 3. gr. er að finna skilgreiningu á hugtakinu tilraun og er það skilgreint sem notkun á dýri, hvort sem er í tilraunaskyni eða öðrum vísindalegum tilgangi, eða í menntunarskyni, sem kann að valda dýrinu sársauka, þjáningu, hræðslu eða varanlegum skaða sem jafngildir eða er meiri en það sem skapast af nálarstungu í samræmi við góðar starfsvenjur í dýralækningum.

Þar sem ekki liggur fyrir nein reynsla af veiðum á langreyðum með þeirri aðferð sem greint er frá í frávíkaskýrslu Hvals hf. og þekking á skilvirkni þeirra og afleiðingum fyrir dýrin er óljós, verður að líta svo á að með notkun á rafmagni við veiðarnar sé verið að leggja til notkun á langreyðum í tilraunaskyni sem kann að valda þeim sársauka, þjáningu og/eða hræðsla, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 460/2017.

Þegar nota á dýr til að reyna nýjar og óreyndar veiðiaðferðir sem kunna að valda sársauka og þjáningu ber að sækja um leyfi skv. 20. gr. laga nr. 55/2013 og reglugerð nr. 460/2017. Matvælastofnun annast leyfisveitingu vegna dýratilrauna að fenginni umsögn fagráðsins um velferð dýra, sbr. 5. gr. laganna. Um meðferð umsókna og skilyrði fyrir leyfisveitingu fer skv. ákvæðum reglugerðarinnar. Ekki er séð að Hvalur hf hafi sótt um leyfi til Matvælastofnunar til að nota dýr í tilraunaskyni til prófunar á nýjum aðferðum með rafmagni til aflífunar á hvölum.

F.h. Matvælastofnunar,



Viktor S. Pálsson

Fylgiskjal nr. 1 – Skýrsla Fiskistofu frá 7. september 2023

Fylgiskjal nr. 2 – Tímalína af myndbandsupptöku.

Tímalína myndband af veiðum Hval 8 langreyður 1

Mínútur í upptöku

3:30	Skot 1 þegar dýr er komið aftur með skipi bakborðsmegin
4:27	Púðurhylki komið úr skutulbyssu
5:50	Sést greinilega að lína byrjar að lyftast út sem bendir til að dýr sé að kafa/synda út frá bát
6:25	Hvalur sést í nokkurri fjarlægð frá skipi blása, synda og kafa endurtekið í eðlilegri líkamsstöðu. Fjarlægist
7:03	Kallað „byrjið að hífa“ endurtekið 3x til 7:40.
7:51	Spurt „hvað er að?“
8:13	Sést að þrír (fjórir) menn eru að vinna við að endurhlaða skutulbyssu
8:33	Hamar sóttur. Kallað til þeirra „Er þetta helv. batterí bilað?“ Svar „Nei, nei“ „Það er ekkert batterí“
9:00	„Strákar við höfum ekki þennan tíma, hvað er í gangi?“
9:15-9:50	Nýtt púðurhylki sett í skutulbyssu? Skotmaður kallar aftur í skip „Byrjið bara að hífa“ Svarað „bara rólegir við erum að vinna í þessu“. Skotmaður slær hnefa í handriði.
11:17	Teipað utan um kveikjuþráð
11:37	Skutulbyssa aftur hlaðin og tilbúin, snúið fram að sjó (8 mín og 7 sek eftir fyrsta skot)
13:06-14:50	Hvalur syndir, kafar og blæs reglulega nær skipi stjórnborðsmegin. Sést hvar skutull er utan marksvæðis rétt neðan við blástursop
15:00	Sést að búið er að draga dýrið nálægt skipi. Sést rúlla sér í kafi
15:51	Búið að draga dýrið alveg að skipi framan við stjórnborðsmegin. Dýrið rúllar sér og berst kröftuglega um. Skipverji heldur sér um höfuð.
16:06	Dýrið slær sporði kröftuglega í skipið. Línur fljúga í loft.
16:35	Litlar spikþægjur af dýrinu sjást fljóta í sjónum. Dýrið kafar undir skip.
16:40	Kallað stopp. Spil h megin á þili virðist bila. Rýkur úr því. Járn slæst til á báðum.
16:59	Skotmaður horfir aftur á þilfar
17:18	„Slakaðu, slakaðu bakkaðu út“
17:36	Skotmaður horfir stöðugt aftur á þilfar, ekki að sjá að fylgst sé með dýri
17:57-18:25	Skotmaður fer frá skutulbyssu og kíkir fyrir borð stjórnborðsmegin og horfir svo aftur á þilfar og á í samskiptum við skipverja, kíkir fyrir borð til skiptis sitthvoru begin og kallar „hart í bak“
18:10	„Spilið er örugglega farið“
18:30-18:47	Dýr komið út bakborðsmegin, heldur réttri stöðu og syndir og blæs. Ekki langt frá skipi

- 18:56 Kallað „X við verðum að binda þau, annars fer spilið“
- 19:01 Dýrið syndir og blæs bakborðsmegin framarlega í átt að stefni
- 19:12 „Hlífin er farin“
- 19:15 „Það verður að binda hinumegin líka“
- 19:24 Dýr rétt framan við skip bakborðsmegin, syndir, kafar, blæs. „Náið þið að hýfa?“ „Nei“
- 19:43-19:55 Dýr ætti endurtekið að vera í góðu skotfæri. Syndir svo lengra út
- 20:05-20:16 Skotmaður horfir aftur á þilfar en ekki á dýr.
- 20:19 Einhver kallar „línan verður ónýt ef við gerum þetta“
- 21:28 Dýr driftar fyrir framan skotmann í stuttu skotfærifæri. Kafar, syndir, blæs. Skotmaður horfir aftur á þilfar og hvorki horfir á né miðar á dýr.
- 22:15-29:30 Einhverjar viðgerðir í gangi (vél). Dýr í nálægð framan við skip, syndir, kafar, blæs. Skotmaður horfir stöðugt aftur á þilfar en lítur öðruhvora á dýr, þó ekki til að miða á það.
- 25:33 Skotmaður „fórnar höndum“
- 26:52-29:07 Dýr kemur ítrekað upp og blæs þvert framan á skip, að því virðist í mjög góðu skotfæri. Skotmaður horfir að mestu aftur á þilfar
- 30:03 Dýrið nálægt skipi stjórnborðsmegin framan við, syndir, kafar, blæs. Skotmaður horfir á dýr en tekur ekkert mið
- 30:27-31:22 Dýr komið fáum metrum frá skipi fram og til baka fyrir framan skip og til hliðar. Skotmaður byrjar að fylgja dýri með skutulbyssu. Virðist endurtekið í góðu færi
- 32:09 Skot 2, 28 mín. og 39 sek. eftir fyrsta skot. Dýr kafar/sekkur**
- 32:27 Dýrið kemur upp, heldur stöðu og virðist synda áfram. Heyrist blása.
- 32:51 Púðurhylki úr skutulbyssu tekið úr.
- 33:19 Kemur upp aftur, sést ekki skýrt blása, en loft virðist koma úr blástursopi þegar það fer undir yfirborð. Slær til sporði
- 33:49 Nýtt píðurhylki sett í skutulbyssu
- 33:55 Dýr enn að synda í réttri stöðu, slær til sporði
- 35:02 Ekki búið að hlaða skutulbyssu aftur. Dýr sést enn synda í réttri stöðu, blástur ekki eins greinilegur, virðist draga af því
- 35:10 Slær til sporði, nokkuð blóð í sjó
- 35:20 Skutulbyssu enn ekki hlaðin aftur
- 35:25-36:12 Dýr heldur stöðu og sundhreyfingum, en er orðið hægara, loft virðist streyma upp frá skotstað 2. Slær til sporði. Er mjög nálægt skipi
- 36:41 Ekki að sjá að skutull sé gerður klár fyrir nýtt skot, skotmaður að „gramsá í dóti“. Stendur ekki við byssu.

- 36:57 Dýr slær til sporði
- 37:11 Tveir aðstoðamenn að koma með hluti fyrir skutulbyssu
- 37:34 Skutubysa ekki tilbúin, dýr enn á sundi
- 37:42-37:51 Sundhreyfingar breytast í nokkur stutt „lyft“ að framan. Enn þrír menn við að hlaða skutulbyssu
- 37:52 Trjóna dýrs kemur nú upp úr sjónum og dýrið fer meira í lóðréttu stöðu og sekkur.
- 38:12 Skutulbyssu virðist enn ekki tilbúin fyrir endurskot, rúmum 6 mín. eftir annað skot.
- 38:36** Trjóna kemur upp og dýr virðist líflítið/líflaust, háflóðrétt í sjó, meira á baki. Hreyfingar sjást ekki. **TTD 35 min.**
- 38:58 Dýr byrjar að sökkva

Gættlisti

Eftirlit með velferð dýra við hvalveiðar



Með stað nr. 917/2022

Upplýsingar um skip, stað og veður

Skjál:	Hvalur 8	EMR-staðir:	106
Dagsetning:	7.9.2023	(Dagur, Mánudagur, Ár)	
Veðurfor:	5m/sch SV 0.8m buid skjjet 10°		
Staðsetning gæs:	Hnit (formát)	62° 47' 14" N	21° 05' 51" W

Upplýsingar um dýr:

Langreyður <input checked="" type="checkbox"/> Greinur um blönding <input type="checkbox"/>	Hóldafar: gott <input type="checkbox"/> magar: <input checked="" type="checkbox"/>	Langreyður nr.	1
Karldýr <input type="checkbox"/>	Kvendýr <input checked="" type="checkbox"/>	Kyn ekki þekkt <input type="checkbox"/>	
Slasað eða veikt: nei <input checked="" type="checkbox"/> já <input type="checkbox"/> ef já lýsið:			

Ef um aðra hvaltegund en langreyður er að ræða, sá mögulega blönding skrifð bein. Spungu aftan á bakið.

Aflitun:

Skotfjarlægð frá skipi m	25 15	upplýsingar skyggrönd <input type="checkbox"/>	sjónrænt mat eftirlitsmanns <input checked="" type="checkbox"/>
Skotvinkill miðað við lengdarás dýrs	Beint framan frá (0°) <input type="checkbox"/>	Ská framan frá (0°-45°) <input type="checkbox"/>	
Ef fleiri skotulár settið nr fyrir aftan	Frá hlið (45°-135°) <input checked="" type="checkbox"/> 1. 2	Ská aftan frá (135°-180°) <input type="checkbox"/>	
	Beint aftan frá (180°) <input type="checkbox"/>		
Fjöldi sprengiskutla samtals	2 1 0	Raðúmer skutuls/skutla	F22-220 F22-219
Klukkan hvað fyrsta skot	11:30	Annad skot	11:59
		Þriðja skot	
Klukkan hvað var dýrið úrskurðað dauft (Skýring: skötti vakur, hegrist með hliðun, spandur, dýr þröngdæmt)			
Legu dýrs eftir skot:	á maga <input checked="" type="checkbox"/> 1. 2	á baki <input type="checkbox"/>	
Hreyfingar á dýri eftir fyrsta skot:	hreyfingarlaus <input type="checkbox"/>	kafar <input type="checkbox"/>	
dýr sökk <input type="checkbox"/>	synir og blæs <input checked="" type="checkbox"/> 1. 2	krampakennd viðbrögð <input type="checkbox"/>	blæs <input type="checkbox"/>
Avertíðingur tími til dauða (TTU) 34 min	Dýr komið að skipshlið kl. 13	Dýr náðist ekki <input type="checkbox"/>	
Arnað <input type="checkbox"/> Lýsið:			

Staðsetning sprengiskutuls(a) á dýri, teiknið pkt á mynd og setjið númer

Ef sprengiskutuli sprakk ekki setjið kross yfir númer (Dennur stöð svo sem skýringar á hvísvargna skutul ekki samsæt, skrifð aftan á bakið)



